



Rangárþing ytra

Fréttabréf

Rangárþing ytra

Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella

Sími: 488-7000

Umsjón: Saga Sigurðardóttir

Heimasíða: www.ry.is

Ábyrgð: Ágúst Sigurðsson



Mynd: Sólveig Stolzenwald

Vorjafndægur

Í dag er jafndægur á vori en merking þess er sú að á þessari stund er sól beint yfir miðbaug jarðar, sem í fornu máli hét jafndægrishringur, og dagur og nótt eru jafnlöng um alla jörðina. Þó ekki sé enn mjög vorlegt um að litast þá þýðir þetta engu að síður að það styttest í vorið og þann tíma þegar gróandinn fer á flug og lífið verður í hugum flestra léttara viðfangs. Að þessi tímamót séu samtímis um alla jörðina minnir okkur líka á það að hvar svo sem við búum á jarðarkringlunni þá eigum við allt okkar undir í sameiningu þegar allt kemur til alls. Við íbúar í Rangárþingi ytra erum eins og allir aðrir heimsbúar að upplifa mjög sérstaka tíma þar sem ógnandi farsótt gengur yfir. Við reynum að búa okkur undir þetta eins vel og við getum, förum í einu og öllu að fyrirmælum frá yfirvöldum sóttvarna og almannavarna, og gætum varúðar í hvívetna. Með samstilltu átaki munum við komast í gegnum þetta og við vitum að öll él birtir upp um síðir – aftur kemur vor í dal. Í tilefni jafndægurs á vori kemur hér út svolítið fréttabréf um eitt og annað sem í gangi er í okkar fagra sveitarfélagi.

Með bestu kveðjum,

Sveitarstjórn og starfsfólk Rangárþings ytra

Covid-19

- * Fyrir góð ráð og traustar upplýsingar bendum við á vefsíðuna **covid.is** Embætti landlæknis og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra standa að baki síðunni.
- * Á heimasíðu sveitarfélagsins **www.ry.is** er að finna viðbragðsáætlanir sveitarfélagsins og upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins á hverjum tíma.



Viðburðir í Rangárþingi ytra sumarið 2020

Það má með sanni segja að sumarið verði viðburðaríkt í Rangárþingi ytra. Að sjálfsögðu verða þeir viðburðir sem hafa verið fastir liðir á sínum stað. Þjóðhátíðardagur Íslendinga, 17. Júní, verður haldinn hátíðlegur með skemmtidagskrá sem á að höfða til allra aldurshópa. Flughátíðin „Allt sem flýgur“ verður á sínum stað þann 10. - 12. júlí og að sjálfsögðu má ekki gleyma Töðugjöldunum sem verða í ár dagana 20. – 23. ágúst. Stærsti viðburðurinn verður þó eflaust

Landsmót hestamanna sem verður haldið á Rangárbökkum við Helli dagana 6. – 11. júlí í sumar.

Vasaljósadagur í Heklukoti

Leikskólinn Heklukot gerði sér glaðan dag í skammdeginu með því að vera með vasaljósadag föstudaginn 17. janúar. Útbúnir voru tvennskona ratleikir fyrir börnin, annarsvegar að leita uppi týndan bangsa með því að fylgja endurskinsmerkjum sem búið var að koma fyrir vítt og breitt um bæinn og hinsvegar ratleikur sem gekk út á að heimsækja fyrirtæki þar sem börnin fengu spurningar og svörin við spurningunum leiddu þau á næsta stað. Vakti þessi dagur mikla lukku meðal barnanna og voru þau alsæl með daginn.



Landsmót Hestamanna 2020

Dagana 6. – 11. júlí verður Landsmót hestamanna haldið á Hellu. Framkvæmdastjóri Landsmótsins, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, segir undirbúninginn ganga vel en alls hafa 2 þúsund miðar verið seldir en gert er ráð fyrir 8 þúsund gestum í heildina. Eiríkur segir Landsmót vera einstakan og skemmtilegan viðburð þar sem að á Landsmóti keppa í gæðingakeppni bestu hross úr öllum hestamannafélögum landsins. Stærð félaga ræður því hversu marga keppendur hvert félag má senda. Það þýðir að minnstu félögin eru að senda 1-2 fulltrúa í hvern flokk en þau stærstu í kringum 10 fulltrúa. Í keppni í tölti og skeiði koma hross hins vegar inn eftir stöðulista, sem þýðir að í tölti verða 30 bestu hross landsins og í hverri skeiðgrein 15-20 hröðustu hross landsins. Á Landsmótinu fer einnig fram sýning kynbótahrossa á aldrinum 4-7 vetra og eldri, og eru þar 15-30 bestu hross í hverjum flokki sem er boðin þátttaka. Eiríkur tekur þó fram að Landsmótið snúist ekki einungis um hross: „Þó við



Eiríkur V. Sigurðarson, framkvæmdastjóri Landsmóts Hestamanna 2020.

leggjum mikið upp úr því að allt snúist um hross, þá er hið gamla gróna máltæki „maður er manns gaman“ í hávegum haft, fimmtudag, föstudag og laugardag verður mikið lagt upp úr skemmtilegri kvölddagskrá þar sem margir af helstu tónlistarmönnum landsins munu stíga á stókk. Lagt verður upp úr skemmtilegum kvöldvökum og barnadagskrá að degi til. Landsmótinu lýkur síðan á laugardagskvöldi með miklum dansleik“.



Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur hjá Leikskólanum Laugalandi

Sjötti febrúar er merkisdagur í íslenskri leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Hefur því 6. febrúar verið kenndur við Dag leikskólans og í tilefni þess bauð Leikskólinn Laugalandi ömmum og öfum í heimsókn á föstudeginum 7. febrúar. Í heimsókninni var þeim boðið í kaffi ásamt því að skoða og kynna sér það merkilega starf sem á sér stað í

leikskólanum. Heimsóknin vakti mikla lukku meðal barnanna og mátti sjá mörg þeirra leiða ömmur sínar og afa um leikskólann og sýna þeim sitt daglega umhverfi og sín helstu listaverk.

Gjaldfrjálst mótuneyti

Á 17. fundi sveitarstjórnar þann 12. desember sl. var samþykkt tillaga um gjaldfrjálst mótuneyti fyrir grunnskólanemendur sveitarfélagsins frá og með áramótum.

Tómas Haukur forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs

Í byrjun janúar hóf Tómas Haukur Tómasson störf hjá sveitarfélaginu sem forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs. Tómas er 55 ára gamall húsasmíðameistari með byggingastjórréttindi frá Mannvirkjastofnun. Hann hefur starfað allan sinn feril við byggingariðnað og rak sitt eigið verktakafyrirtæki með allt að 5-7



Tómas Haukur Tómasson, forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs

starfsmönnum, var starfsmaður verkfræðistofu og sem starfsmaður hjá stóru verktakafyrirtæki við verkefnastjórnun. Hann hefur aflað sér mikillar reynslu við framkvæmdir sem og

endurbætur ásamt því að vera í eftirlitshlutverki fyrir verkfræðistofu. Hefur Tómas nú sinnt nýja starfinu í tvo og hálfan mánuð og segir starfið leggjast vel í sig. Hann hafi fengið verulega góðar móttökur, andrúmsloftið sé jákvætt í sveitarfélaginu og að allir séu tilbúnir að deila reynslu og upplýsingum. Hann segir verkefnin spennandi, fjölbreytileg og taki á mörgum sviðum.

Skákkennsla í Grunnskólanum á Hellu

Það er gaman að segja frá því að skáklífið er að vakna aftur til lífsins við Grunnskólann á Hellu. Í vetur hefur Jón Þ. Þór sem er mikill skákáhugamaður og íbúi á Hellu



kennt skák sem val á unglingastigi. Hefur það gengið mjög vel og krakkarnir sýnt mikinn áhuga. Í kjölfarið voru sett skákborð fram á ganga skólans þar sem nemendur geta teft m.a. í frímínútum. Hefur það gefið góða raun og er oft þéttsetið í kringum skákborðin. Þess má geta að nokkrir áhugasamir nemendur um skák úr 1. bekk hafa fengið að heimsækja Jón og nemendur skákvalsins þar sem þeir hafa teft og fengið góða leiðsögn hjá Jóni.

Faghópur um þróun skólasvæðis á Hellu

Á síðasta ári voru tveir vinnuhópar starfandi á vegum sveitarfélagsins varðandi aðstöðumál og stækkun Grunnskólans á Hellu og undirbúning að byggingu á nýjum leikskóla. Nú liggur fyrir sameiginleg skýrsla hópanna tveggja en m.a. voru heimsóttir allmargir grunn- og leikskólar auk þess sem grunnur að þarfagreiningu var unninn. Í ljósi niðurstaðna sem fram koma í skýrslunni hefur sveitarstjórn nú skipað einn sameiginlega faghóp fyrir áframhaldandi undirbúning þessara tveggja verkefna. Í faghópnum eru: Björk Grétarsdóttir oddviti og formaður Odda bs, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi, Tómas Haukur Tómasson forstöðumaður Eigna- og framkvæmdasviðs, Auður Erla Logadóttir leikskólastjóri Heklukoti, Kristín Sigfúsdóttir skólastjóri Grunnskólans á Hellu, Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi og Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri. Verkefni faghópsins að undirbúa verkefnið hvað varðar skipulagsmál á skólasvæðinu, taka saman vinnugögn fyrir hönnun oph, gera tillögu að fyrirkomulagi hönnunar og vali á leiðum, setja upp tímalínu og helstu vörður. Þá var einnig fyrsta verkefni faghópsins að undirbúa íbúafund en í ljósi aðstæðna þá verður slíkur fundur að bíða eitthvað en í staðinn verða kynningar um verkefnið settar á heimasíðu sveitarfélagsins og fundnar leiðir til að íbúar geti sent inn hugmyndir, athugasemdir og spurningar með rafrænum hætti. Höldum svo íbúafund þegar betur stendur á og ræðum þetta mikilvæga og spennandi verkefni og hvernig best verður að því staðið. Vonandi seinna í vor.



Viðbygging við íþróttarhúsið á Hellu

Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir í íþróttahúsinu á Hellu að undanfögnu þar sem unnið er hörðum höndum að nýrri viðbyggingu hússins. Áætluð verklok er 31. maí nk. og mun World Class nýta aðstöðuna í viðbyggingunni á efri hæð viðbyggingarinnar og opna þar líkamsræktarstöð. Á neðri hæðinni mun síðan vera minni salur fyrir smærri hópa ásamt áhaldageymslu.

Brunavarnir Rangárvallasýslu b.s.

Í desember sl. var óskað eftir tilboðum í fullnaðarfrágang á slökkvistöð Brunavarna Rangárvallasýslu á Hellu. Kostnaðaráætlun verksins hljóðaði upp á 38.331.646 krónur, bærust fjögur tilboð og var ákveðið að taka tilboði Trésmiðju Ingólfs ehf. sem átti lægsta tilboðið í verkið samtals 32.585.507 kr. Umsjón og eftirlit með verkinu af hálfu verkkaupa verður í höndum Ólafs Rúnarssonar aðstoðarmanns byggingarfulltrúa Rangárþings eystra og eldvarnaeftirlitsmanns Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Um er að ræða fullnaðarfrágang við framtíðar slökkvistöð Brunavarna Rangárvallasýslu á Hellu. Á neðri hæð hússins verður tækjasalur auk snyrtiaðstöðu en á þeirri efri verður starfsmannarými auk skrifstofuaðstöðu. Heildarverklok eru 15. maí 2020.



Á myndinni eru í aftari röð f.v. Valtýr Valtýsson, Guðmundur J. Gíslason, Anton Kári Halldórsson og Ágúst Sigurðsson. Í fremri röð f.v. Hjalti Tómasson og Ingólfur Rögnvaldsson.

Tímamót í Rangárþingi ytra



Hin nýja Oddabrá er risin og verður mikil samgöngubót í héraði. Smíði brúarinnar lauk þann 18. desember s.l. og bráðabirgðavegtengin er komin á. Í ljósi samkomubanns er vígslu brúarinnar hins vegar frestað til betri tíma en stefnt er að sérstakri brúarhátíð seinna þegar tækifæri gefst – þá verður gaman.

17. júní á Hellu

Atvinnu- og menningarmálanefnd Rangárþings ytra leitar eftir áhugasömum aðila, fyrirtæki eða félagasamtökum innan sveitarfélagsins til að skipuleggja og sjá um 17. júní hátíðarhöldin á Hellu 2020.

Þjóðhátíðardagur Íslendinga er hátíðisdagur sem inniheldur fastmótaðar hefðir og fjölbreytta skemmtidagskrá sem á að höfða til allra aldurshópa, þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.

Við mat á umsóknum verður þetta haft að leiðarljósi og skal umsækjandi skila inn ákveðnum hugmyndum að dagskrá hátíðarinnar, mögulegum nýjungum og samstarfaðilum ásamt almennum upplýsingum um sig, viðkomandi fyrirtæki eða félagasamtök.

Umsóknarfrestur er til þriðjudagsins 31. mars nk. og er hægt að skila inn umsóknum rafrænt á tölvupóstfangið saga@ry.is eða senda til skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella merkt „17. júní á Hellu“. Atvinnu- og menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum um umsækjendur svo og til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veitir Saga Sigurðardóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi, í síma 488-7000 eða á saga@ry.is

Skipulags- og byggingarmál í sveitarfélaginu

Nýtt aðalskipulag

Nýtt aðalskipulag tók gildi árið 2019. Það sem varð til þess að ákvörðun var tekin um að endurskoða þyrfti aðalskipulag sveitarfélagsins voru orkumálin, ferðamálin og byggingarheimildir utan þéttbýlis. Að auki tóku gildi ný skipulagslög á árinu 2010 og ný skipulagsreglugerð á árinu 2013 sem varð til þess að endurskoða þurfti áherslur okkar.

Orkumál

Þegar kemur að orkumálunum þá er það vindorkan sem hæst hefur. Fyrir liggur skýrsla frá Eflu sem höfð var til hliðsjónar vinnu við áherslur í aðalskipulagi. Það helsta er að takmörk eru sett varðandi fjarlægðir frá byggð og verndarsvæðum. Farin var sú leið að afmarka þau svæði sem ekki gætu nýst undir vindorkuvinnslu og setja önnur svæði í takmörkun. Í hverju tilfelli verði lagt mat á sýnileika og hljóðmengun og áhrif mannvirkja á landslag, verndarsvæðið, náttúru, minjar og samfélag. Efla vann einnig fyrir sveitarfélagið skýrslu um ferðamál sem var höfð til hliðsjónar við gerð aðalskipulagsins og má þar nefna sem afleiðingu ný svæði á hálendi svo sem Skjólkvíar og Grashaga og einnig skálasvæði við Hafrafell. Sú skýrsla nýttist einnig vel við útfærslu á áherslum fyrir deiliskipulagið í Landmannalaugum.

Byggingarmál

Ákveðin togstreita var orðin til vegna heimildar til bygginga á landbúnaðarjörðum og var ósamræmi í byggingarmagni og stærðum jarða ástæða nauðsynlegra breytinga. Til að mynda voru ekki til nægilega skýrar reglur um byggingar á minni spildum en 50 ha úr landbúnaðarjörðum, sem var afar ruglingslegt. Oftar en ekki þurfti að heimila breytingar á aðalskipulagi til að koma til móts við aðila um byggingarmagn á jörðum sínum. Út úr því var búin til tafla sem heimilar fjölda bygginga eftir stærðum spildna og er það gert til að sporna við þörf á breytingum í hvert sinn sem áform verða til um byggingar. Samhliða var ákveðið að heimila stakar framkvæmdir án breytinga á viðkomandi landnýtingu

OneLandRobot

Embætti byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra tók kerfið OneLandRobot í notkun í mars 2019 og hefur það því verið í virkni í heilt ár. Óhætt er að segja að allt ut anumhald byggingarleyfisferla sé mun betra en áður. Hugbúnaðarlausnin inniheldur meðal annars: Einfalt viðmót, sjálfvirk uppáskriftarkerfi fyrir hönnuði, gæðakerfi, rafrænt teikningakerfi, stjórnborð þar sem hægt er að fylgjast með framvindu mála, uppáskriftum, innsendingu teikninga og samþykktum.

Mikið byggt - íbúðir endurnýjaðar

Segja má að á nýliðnu ári hafi fjárfestingargeta sveitarfélagsins verið nýtt til hins ýtrasta. Fjárfestingar ársins innan A og B hluta voru rúmlega 512 milljónir sem teljast verður mikið í sveitarfélagi sem veltir tæpum 2 milljörðum en engin ný lán voru tekin á árinu. Þessu ber að fagna en samt er það nú svo að ekki er ráðlegt að spenna bogann með slíkum hætti á hverju ári. Fest hafa verið kaup á 6 nýjum íbúðum í jafnmörgum raðhúsum í Ölduhverfinu og hefur þannig tekist að örva nýbyggingar á hagkvæmum minni íbúðum sem mikill skortur var á hér á Hellu. Þannig hafa risið 7 raðhúsálengjur og eru 5 þeirra komnar í notkun – samtals eru þetta 29 íbúðir. Sveitarfélagið lagði einnig til 12% stofnframlag á móti 18% hlut íbúðalánasjóðs til 4 leiguíbúða sem nú eru í



Nýju íbúðirnar í Guðrúnartúni

byggingu á vegum Lundartúns hses sem ætlaðar eru tekjulágum eldri borgurum og öryrkjum. Þá má nefna m.a. framkvæmdir við nýja leikskóladeild Heklukots, viðbyggingu Íþróttahúss á Hellu, gatnagerð í Ölduhverfi og við Guðrúnartún, nýjan veg um Oddabrá, framkvæmdir við fráveitu, vatnsveitu og brunavarnir og endurnýjun tækjabúnaðar Þjónustumiðstöðvar.



Skólastjóri Tónlistarskóla Rangæinga

Stjórn Tónlistarskóla Rangæinga bs. auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Tónlistarskóla Rangæinga frá og með 1. ágúst 2020. Aðalskrifstofa skólans er á Hvolsvelli, en kennsla fer fram á Hvolsvelli, Hellu og Laugalandi. Skólinn býður upp á grunn-, mið- og framhaldsnám í hljóðfæraleik. Alls stunda 352 nemendur nám við skólann og þar af eru 182 grunnskólanemendur í forskólanámi við skólann.

Helstu verkefni og ábyrðarsvið

- Stjórnun og ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun á sviði tónlistar
- Reynsla af tónlistarkennslu og tónlistarflutningi
- Reynsla í stjórnun og rekstri er áskilin
- Leiðtoga-hæfileikar og færni í mannlegum samskiptum

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg ferilsskrá ásamt greinargerð með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi til starfens.


Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2020.

Upplýsingar um starfið veita Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri sigurgeir@tonrang.is og Ágúst Sigurðsson stjórnarformaður agust@ry.is. Umsókn-um skal skila með rafrænum hætti til agust@ry.is.

Málmsmíði í Laugalandsskóla

Í Laugalandsskóla er boðið upp á sex mismunandi valgreinar fyrir börn á unglingastigi, þar á meðal málmsmíði. Þar hafa krakkar lært að teikna smíðagripi ásamt því að hanna og smíða hluti úr málm. Ýmislegt nýtsamlegt hefur orðið til innan veggja málmsmíðastofunnar eins og göngustafir, braut fyrir fjórhjól og búkkar fyrir bíla svo eitthvað sé nefnt. Í málmsmíðinni fá nemendur hvatningu til að sýna frumkvæði og nýta sköpunargáfur sínar í verkefnavali undir leiðsögn Guðmundar Bragasonar kennara málsmíðarinnar. Borgþór Helgason teiknaði og hannaði kennslustofuna og kenndi málmsmíðina fyrst um sinn, tók síðan Guðmundur við af honum og hefur séð um kennsluna undanfarin ár.



Viðræður sveitarfélaga

Í desember s.l. hófust viðræður sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu um kosti og galla sameiningar. Þessi vinna fer ekki síst af stað vegna þeirra boðuðu breytinga sem nú liggja í loftinu um að sett verði 1000 íbúa lágmark á stærð sveitarfélaga frá og með árinu 2026. Sveitarfélögin hafa myndað verkefnahóp með þremur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi auk þess sem sótt verður um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa straum af kostnaði við aðkeypta sérfræðivinnu og annað vegna þessa. Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti fyrir sitt leyti að taka þátt í þessum viðræðum og hefur skipað fólk í vinnuhópa til þessarar skoðunar. Róbert Ragnarsson frá RR-ráðgjöf hefur verið ráðinn til að halda utan um verkefnið fram á vor en markmiðið er að safna gögnum um sveitarfélögin og greina eins og unnt er kosti og galla þess að þau



Starfsfólk Rangárþings ytra á vinnufundi

yrðu mögulega sameinuð. Reiknað var með að haldnir yrðu íbúafundir í öllum sveitarfélögum á næstu mánuðum en það mun frestast fram á haustið í ljósi aðstæðna. Næsta haust verður síðan gerð skoðanakönnun meðal íbúa á því hvort áhugi sé fyrir því að verkefnið haldi áfram og frekari greiningar gerðar eða hvort látið verði staðar numið.

Nýr opnunartími hjá Sorpstöðinni á Strönd

Tekið hefur í gildi nýr opnunartími á móttökustöðinni Strönd. Nýr opnunartími er eftirfarandi:

Opnunartími á Strönd

	apríl - september	október - mars
Mánudaga	kl. 13:30 - 18:00	kl. 13:30 - 17:00
Þriðjudaga	kl. 13:30 - 18:00	kl. 13:30 - 17:00
miðvikudaga	kl. 13:30 - 18:00	kl. 13:30 - 17:00
Fimmtudaga	kl. 13:30 - 18:00	kl. 13:30 - 17:00
Föstudaga	kl. 13:30 - 18:00	kl. 13:30 - 16:00
Laugardaga	kl. 10:00 - 16:00	kl. 11:00 - 15:00

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Strönd, 851 Hella, s: 487-5157, strond@rang.is

Grenndarstöðvar í Rangárvallasýslu eru þrjár talsins og eru þær staðsettar á Hellu, Hvolsvelli og Meiritungu. Þar er tekið á móti:

- Almennum heimilisúrgangi
- Lífrænum úrgangi
- Plasti
- Glerlátum
- Pappír og pappa
- Málm